

**190. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
16. mars 2021 og hófst hann kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi, Jón Brynjólfur Ólafsson verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 2101298 - Asparskógar 1 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

ÞG verk kemur á fundinn til að leggja fram sínar hugmyndir um svalaganga.

Agnar Sigurjónsson hjá ÞG verk sat undir þessum dagskrárlíð.

Agnar fór yfir hugmyndir ÞG verks um uppbyggingu á lóð fyrirtækisins á Asparskógum 1.

ÞG verk leggur fram beiðni um að svalagangar verði heimilaðir í deiliskipulagi fyrir Skógahverfi 4, sem sé í samræmi við hugmyndir þeirra um uppbyggingu.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.

Jafnframt bendir skipulags- og umhverfisráð á að samkvæmt gildandi skipulagi skal lóðarhafi bera undir skipulags- og byggingarfulltrúa gæði íbúða sbr. grein 2.1.1 í greinargerð með skipulaginu.

2. 2101295 - Asparskógar 5 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lóðarhafar komu á fund skipulagsfulltrúa og formanns skipulags- og umhverfisráðs. Þar fóru þeir yfir sína afstöðu á málinu og samstarfsvilja, vegna svalaganga.

SH holding ehf. leggur fram beiðni um að svalagangar verði heimilaðir í deiliskipulagi fyrir Skógahverfi 4, sem sé í samræmi við hugmyndir þeirra um uppbyggingu.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.

Jafnframt bendir skipulags- og umhverfisráð á að samkvæmt gildandi skipulagi skal lóðarhafi bera undir skipulags- og byggingarfulltrúa gæði íbúða sbr. grein 2.1.1 í greinargerð með skipulaginu.

4. 2009166 - Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna - fjarskiptamastur.

Umsókn um staðsetningu á fjarskiptamastri.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að staðsetning mastursins verði

*grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum við Baugalund 10, 12, 14, 16, 18,
20, 22, 24, 26, 28 og Jörundarholti 39, 41, 43, 45, 46, 141.*

5. 2102036 - Brekkubraut 3 breyting á bílskúr - fyrirspurn til byggingarfulltrúa

Fyrirspurn um breytingu á bílskúr sem er áfastur húsinu og stækka íbúðina inn í hann.

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið og óskar eftir frekari gögnum til grenndarkynningar.

6. 2103129 - Deiliskipulag Skógarhverfis 3C og 5

Farið yfir skipulagshugmyndir á svæðunum.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram með Árna Ólafssyni arkitekt.

7. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Tímalína um næstu skref varðandi endurskoðun aðalskipulags.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

8. 2102301 - Flóahverfi - þróunarsvæði

Vistvænir iðngarðar í Flóahverfi.

Skipulagsfulltrúa falið að leggja fram breytingar á skipulagi Flóahverfis m.t.t. þróunar á vistvænum iðngörðum.

9. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - 1. áfangi - hönnun

Verksamningur við Mannvit.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirbyggjandi verksamning við Mannvit vegna verkfræðihönnunar íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum 1.áfanga.

10. 2103107 - Jaðarsbakkar stúka - viðhald á stálvirki

Tilboð í verkið stúka Akranesvöllur.

Eftirfarandi tilboð bærust:

Mögnun ehf.: kr. 10.527.600

Verkvík sandtak: kr. 9.907.600

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra að semja við lægstbjóðanda.

11. 2103009 - Loftgæði í Grundaskóli

Sviðsstjóri fór yfir stöðu mála varðandi loftgæði í Grundaskóla. Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarráð að farið verði sem fyrst í forhönnun á C-álm, þar sem mismunandi valkostir verði teknir fyrir og umfang kostnaðarmetið.

3. 2011087 - Suðurgata 50A -Kynning á viðbyggingu

Bréf dags. 5. mars 2021, frá LEX lögmannsstofu, varðandi grenndarkynningu á Suðurgötu 50A.

Lagt fram. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50.